



Ræða um stefnumál ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokks, flutt í lok 5. áratugarins

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Stefnumál – Ríkistjórn – Framsóknarflokkurinn –
Sjálfstæðisflokkurinn – lok 5 áratugar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framsóknarflokkurinn ítrekar enn á ný, það, sem áður hefur verið greinilega tekið fram af hans hendi, að hann telur ástandið þannig í atvinnu-, fjárhags- og dýrtíðarmálum, að engu bið þoli, að gerðar séu nýjar ráðstafanir til viðreisnar, til þess að koma í veg fyrir kreppu, atvinnuleysi og fjárhagslegt öngþveiti.

Flokkurinn leggur til, að ríkisstjórnin beiti sér nú þegar fyrir eftirfarandi ráðstöfunum og kalli Alþingi saman til þess að koma þeim í framkvæmd:

I. Tekin sé upp ný stefna í verzlunarmálum, sem tryggi neytendum og framleiðendum sem mest frjálsræði til að velja á milli verzlana og komi í veg fyrir okur og svartan markað. Þessu takmarki sé náð með þeim úrræðum, sem felast í verzlunarfrumvarpi Framsóknarmanna, eða öðrum ráðum, sem ná sama árangri. Jafnframt sé unnið að því að gera framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrishafta og skömmunar sem ódýrasta og auðveldasta meðan nauðsynlegt telst að beita slíkum ráðstöfunum.

II. Búið sé þannig að verksmiðjuöndunum að afkastageta fyrirtækja, sem hafa fullkomnar vélar, nýtist sem best til að lækka verð og spara gjaldeyri. Slíkum fyrirtækjum verði með samningum tryggðir möguleikar til hráefnaöflunar, gegn því, að verði á framleiðsluvörum þeirra lækki svo, að það verði samþærilegt við erlendar vörur.

III. Í húsnæðismálum séu gerðar eftirtaldar ráðstafanir: Lagður á hár stóribúðaskattur, er renni í sjóði, sem veiti ódýr og hentug lán til samvinnubyggingarfélaganna og byggingar verkamannabústaða. Lögboðin lækkun á húsaleigu, sem ákveðin hefur verið á verðbólguárunum, og gerðar fullnægjandi ráðstafanir, til þess að sú leigulækkun verði framkvæmd. Refsingar fyrir húsaleiguokur verði stórum þyngdar. Ákveðið verði með lögum, að lækka

skatta á þeim sem býa við hina háu húsaleigu síðari ára. Barnafjölskyldum sé tryggður forgangsréttur að leiguhúsnæði. Byggingarefni, sem ráðstafað verður til íbúðarhúsbygginga til sjávar og sveita, verði varið til að reisa sem flestar og hagkvæmastra íbúðir. Byggingarkostnaður verði lækkaður m.a. með því, að byggingarfélag verkamanna og samvinnubyggingafélag sitji fyrir fjárfestingarleyfum þannig að þau geti, þar sem því verður við komið, reist margar íbúðir í einu á hagkvæman hátt.

Gerðar séu ráðstafanir til þess að hæfilegur hluti af því fjármagni, sem fest er árlega í löngum lánum, gangi til lána út á íbúðarhús til sveita og við sjó.

Ráðstafanir séu gerðar til þess að menn eigi aðgang að ódýrum teikningum, leiðbeiningum og eftirliti með byggingum. Afnumin sé álagning byggingameistara á vinnu við byggingar. Fjárfestingarleyfum fylgi innflutningsleyfi fyrir byggingarefni.

IV. Dregið séu úr rekstrarútgjöldum ríkisins og ríkisstofnana, einkum með því að taka upp sem fullkomnasta tækni og eftirvinnu. Bæta skrá um starfsmannahald ríkisins og ríkisfyrirtækja fylgja næsta fjárlagafrumvarpi.

V. Framkvæmd skattalaga sé gerð öruggari og einfaldari en nú er. Hert verði á eftirliti með skattframtölum og ný löggjöf sett þeim framkvæmdum til stuðnings og aðstaða hlutafélaga í skattalöggjöfinni endurskoðuð.

VI. Hert verði á verðlagseftirliti með eftirfarandi ráðstöfunum:

Samtök neytenda fái fulltrúa við framkvæmd verðlags- eftirlits. Skipaðir verði fulltrúar frá neytendum, sem meðdóm- arar með almennum dómurum í verðlags- og gjaldeyrismálum. Refsingar fyrir verðlags- og gjaldeyrisbrot verði stórum þyngdar og málsmeðferð opinber.

Um marga þætti þessara tillagna hafa Framsóknarmenn

flutt frumvörp og tillogur á Alþingi því, sem nú er nýlokið og eru þau þingmál þessi:

- (1) Frumvarp til l. um breyt. á l. nr.70/1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirliti. (Þskj.37)
- (2) Till. til þál. um nýja skipulagshætti iðnaðarframleiðslu og lækkað verðlag. (Þskj.462)
- (3) Frv. til laga um stóribúðaskatt. (Þskj. 457)
- (4) Brtt. við frv. til l. um húsaleigu (Þskj.451)
- (5) Frv. til l. um breyt. á l. nr.44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (Þskj.145)
- (6) Frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. (Þskj. 476)

Í framhaldi af þessum ráðstöfunum, til þess að auka kaupmátt launa og peningatekna, leggur Framsóknarflokkurinn til, að sett verði löggjöf um allsherjar niðurfærslu eða gengislökkun, miðað við að framleiðslunni verði komið á reksturshæfan grundvöll. Jafnhliða þeim ráðstöfunum verði lagður á sérstakur stóreignaskattur og jafnóðum og þær vera árangur, dregið úr hofnum og dýrtíðarskattar lækkaðir eða felldir niður. Ennfremur verði í framhaldi af því látn fara fram rannsókn á launum og aðstöðu starfsmanna ríkisins og launum, tekjum og aðstöðu annarra stétta og unnið að því að leiðrétta misræmi og misrétti, sem fram kemur við þá athugun.

Flokkurinn leggur sérstaka áherzlu á að tryggð sé örugg framkvæmd þeirrar löggjafar, sem setja yrði samkvæmt þessum tillogum.